

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1730/2006**2009/EES/11/17****frá 23. nóvember 2006****um leyfi til að nota bensósýru (VevoVital) sem aukefni í fóðri (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóðri ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem kemur fram í viðaukanum. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir efnablöndunni bensósýru (VevoVital) í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem aukefni í fóðri fyrir smágrísi sem búið er að venja undan.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd stofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álit sínu frá 9. desember 2005 að bensósýra (VevoVital) hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið ⁽²⁾.

Hún kemst enn fremur að þeirri niðurstöðu að bensósýra (VevoVital) feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Samkvæmt því álitu bætir notkun blöndunnar árangursfæribreytur hjá smágrísum, s.s. þyngdaraukningu og hlutfallið milli þyngdaraukningar og fóðurmagns. Í álitu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Stofnunin telur ekki að þörf sé á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram. Matið á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnun „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, bls. 44.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtuð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fóður um öryggi og verkun VevoVital® sem aukefnis í fóður fyrir smágrísi sem búið

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

er að venja undan í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 30. nóvember 2005. *The EFSA Journal* (2005) 290, bls. 1 til 13.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Hámarksinnihald frumefnisins (Se) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg virks efnis/kg heilfóðurs			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á árangursfæribreytum: þyngdaraukning og hlutfallið milli þyngdaraukningar og fóðurmagns)									
4 d 210	DSM Special Products	Bensósýra (VevoVitall)	<p>Samsetning aukefnis: Bensósýra (≥ 99,9%)</p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins: Bensenkarboxýlsýra, fenýlkarboxýlsýra, C₇H₆O₂ CAS-númer 65-85-0 Hámarksgildi: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bifenýl: ≤ 100 mg/kg Þungmálmar: ≤ 10 mg/kg Arsen: ≤ 2 mg/kg</p> <p>Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Viðsnúinn fasi háþrýstivökvaskiljunar (HPLC) með UV- greiningu.</p>	Smá- grísir (vandir undan)	—	5000	5000	<p>Fóðurbætur fyrir smágrísi má ekki innhalda meira en 10000 mg/kg af bensósýru.</p> <p>Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Til notkunar fyrir dýr allt að 25 kg“</p> <p>„Óheimilt er að gefa smágrísum fóðurbæti sem inniheldur bensósýru“</p> <p>Aukefnið skal notað sem forblanda í fóðurlöndur.</p> <p>„Varðandi öryggi notenda: grípa skal til ráðstafana til að tryggja að aukefnið gefi frá sér eins lítið ryk sem hægt er að anda að sér, og mögulegt er. Öryggisblað er fánlegt.“</p>	14.12.2016

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/html/crlfaa/